

## DÝRALÆKNARÁÐ

Formaður Gísli Jónsson, dýralæknir  
Páll Stefánsson, dýralæknir  
Eggert Gunnarsson, dýralæknir  
Gunnar Þorkelsson, héraðsdýralæknir

Keldum, 11. febrúar 2005

Embætti yfirdýralæknis  
Sölvhólgötu 7  
150 Reykjavík

# UMSÖGN

## Málefni: Erindi um leyfi til innflutnings á 350 lifandi hreindýrum frá Grænlandi

Dýralæknaráð hefur tekið til afgreiðslu erindi frá embætti yfirdýralæknis, dags. 18. janúar sl., þar sem óskað er eftir viðbrögðum ráðsins vegna umsóknar Stefáns Hrafns Magnússonar um leyfi til innflutnings á 350 lifandi hreindýrum úr hreindýrahjörð hans á Grænlandi, skv. 4. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Fram kemur í umsókn Stefáns að hugmyndin er að byggja upp og kynna fyrir Íslendingum hreindýrarækt út frá forsendum landbúnaðar. Beita skal aðferðum sem reynst hafa vel í Skandinavíu, sem m.a. byggja á fódurgjöf í aðhaldi yfir vetrartímann. Aðstæður hafa verið kannaðar í Hrisey til að koma upp aðhaldi vegna einangrunar innfluttra dýra og eru þær taldar góðar.

Dýralæknaráð er einhuga um að margt þurfi að gaumgæfa áður en endanleg ákvörðun er tekin um þetta mál. Af sögunni að dæma hefur grænlenstur hreindýrastofn aldrei hér á land stigið og bara það eitt gefur ærna ástæðu til þess að varlega sé farið. Hreindýr á Grænlandi tilheyra tveimur undirtegundum, þ.e. *Rangifer tarandus groenlandicus* á SV-Grænlandi og *Rangifer tarandus granti* á NV-Grænlandi sem eru frábrugðnar undirtegundinni *Rangifer tarandus tarandus* sem lifir á Íslandi. Stofnar þessara undirtegunda hafa verið landfræðilega aðskildir í þúsundir ára.

Þegar sagan er rifjuð upp kemur í ljós að núlifandi hreindýrastofn á Íslandi er að uppruna undan 30 kúm og 5 törfum sem flutt voru til Vopnafjarðar frá Noregi árið 1787. Þess má geta að alls hafa fjórir hópar hreindýra verið fluttir til Íslands á sögulegum tíma, allir frá Finnmörku í Noregi. Þrír fyrstu hóparnir sem fluttir voru til landsins, þ.e.a.s. til Vestmannaeyja og Rangárvallasýslu árið 1771, Reykjaness árið 1777 og til Norðurlands árið 1784, dóu allir út. Þegar uppruni forfeðra íslenskra núlifandi hreindýra er skoðaður nánar kemur fram að dýrin koma öll frá Suðurey í Finnmörku sem á þeim tíma voru laus við flesta þekktu smitsjúkdóma sökum fjarlægðar frá landi. Talið er að hér hafi þeir er stóðu að þessum innflutningi beitt fádæma fyrirbyggju sem án efa hefur skilað sér í hraustum íslenskum hreindýrastofni.

Ekki skal í þessari umsögn farið nákvæmlega yfir alla þá hreindýrasjúkdóma sem þekktir eru en fjöldi sjúkdómsvalda á formi veira, baktería, sveppa og sníkjudýra hefur verið staðfestur í hinum mismunandi undirtegundum hreindýra. Algengt er að þeir hafi þróast með hýslum sínum og aðlagast í langan tíma og því má segja að sú einangrun sem íslensk hreindýr hafa búið við í yfir tvær aldir hljóti að leiða hugann að viðkvæmni fyrir utanað komandi smiti.

Heimildir um sjúkdómarannsóknir á íslenskum hreindýrum eru rýrar og lítið er til af skráðum og staðfestum tilfellum af smitsjúkdómum í þessum dýrum. Sú vitneskja sem þó er til gefur ástæðu til að ætla að íslenski hreindýrastofninn sé með afbrigðum heilbrigður samanborið við aðra erlenda stofna. Sem dæmi þessu til stuðnings er íslenski stofninn laus við bæði kok- og húðbrimsuflugur (kleggjaflugur), en þessar ytri óvætur herja víðast hvar grimmilega á hreindýr. Ótal veirusýkingar eru þekktar á norðursvæðum en engin þeirra hefur greinst í íslenska stofninum en taka verður vara um alhæfingu sökum takmarkaðra rannsókna. Af bakteríusýkingum er talið nokkuð víst að eitt íslenskt hreindýr hafi fundist sjúkt af garnaveiki (*Mycobacterium avium* ssp. *paratuberculosis*) árið 1963, en garnaveiki er ekki óalgeng erlendis og hefur m.a. valdið verulegu tjóni í Rússlandi. Þá hefur einnig garnapest (*Clostridium perfringens* týpa A) og lungnapest (*Pasteurella multocida*) verið staðfest í hreindýrum hér á landi. Aðrir mikilvægir sjúkdómsvaldar koma ekki við sögu hér á landi ef frá eru skilin innri sníkjudýr, s.s. hníslar og iðraormar. Sníklar þessir hafa örugglega fylgt dýrunum frá Noregi í lok 18. aldar og enginn þeirra virðist valda hýsli sínum verulegum vandræðum. Sníkjudýr fylgja hýslum sínum í gegnum þykkt og þunnt og hafa til þess mjög flóknar og öflugar leiðir til aðlögunar. Þrátt fyrir nútíma lyf og kröftuga lyfjakúra verður aldrei hægt að losa lifandi hreindýr við nema hluta þeirra sjúkdómsvalda sem þau hýsa og hafa hýst í gegnum árpúsundin. Þolstig eða lirlfur sníkjudýra dvelja gjarnan á þroskastigum úti í vefjum hreindýranna þar sem lyf ná ekki til þeirra. Ennfremur eru t.d. engin lyf þekkt gegn sjúkdómsvöldum eins og *Cryptosporidium*, en sníkjudýr þetta, sem er mjög algengt erlendis, hefur ekki fundist í ríflega 200 sýnum sem tekin hafa verið úr íslenskum hreindýrum.

Í heimildum grænlenkra/danskra sjúkdómayfirvalda má sjá að skipulagðar rannsóknir á sjúkdómsvöldum í hreindýrum eru hverfandi litlar. Þrátt fyrir eftirlit fyrir og eftir slátrun byggir núverandi vitneskja fyrst og fremst á klínískum sköðunum sláturdýra. Blóðsýni til mótefnamælinga hafa t.d. aðeins verið tekin í örfáum tilfellum. Í einu slíku voru tekin blóðsýni úr 19 hreindýrum sem sláttrað var í Narsaq árið 1996 og af þeim svöruðu 7 jákvætt (37%) gegn smitandi barkabólgu/fósturláti í nautgripum (IBR/IPV), sem hér á landi er A-sjúkdómur. Talið er líklegt að hreindýr þessi hafi verið smituð af hreindýra-herpesveiru (RanHV1) sem hefur víxl svarað við nautgripa-herpes týpu 1 (BHV1) í ELISA mótefnamælingu. Klínísk einkenni IBR/IPV hafa aldrei sést í hreindýrum á Grænlandi.

Í opinberum gögnum kemur fram að skilgreindir A- og B-sjúkdómar skv. Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni í París (OIE) hafa ekki verið staðfestir (“never recorded”) á Grænlandi, að undanskildu hundaæði. Hafa ber í huga að Grænland tilheyrir annarri heimsálfu þar sem hundaæði er útbreitt og bólusetning algeng. Bólusetning hunda og katta gegn hundaæði hefur verið skylda á Grænlandi síðan 1997 og gefur bóluefnið sem notað er í dag ca. 3 ára vernd. Hundaæði var fyrst staðfest á Grænlandi með viðurkenndri greiningu árið 1959 en heimildir geta til um hundaæði á meðal refa og sleðahunda allt frá árinu 1850. Lítið er á Grænland sem svæði þar sem hundaæðisveiran er útbreidd (endemic), ekki síst í heimskautaref (*Alopex lagopus*). Á árunum 1975 - 2003 voru staðfest samtals 330 jákvæð hundaæðissýni, þ.e.a.s. úr 247 refum, 70 hundum, 12 kindum og 1 hreindýri. Þessi staðreynd setur að okkar mati stórt strík í reikninginn, ekki síst út frá góðri stöðu Íslands á alþjóðavísu og viðurkenndri vottun sem hundaæðislaust svæði. Það skal undirstrikað að áætlað er að flytja hreindýrin frá Qaqortoq-svæðinu á SV-Grænlandi sem er helsta sauðfjársvæði landsins og einmitt þar hefur tíðni hundaæðis í kindum verið hæst.

Að vel ígrunduðu máli hefur dýralæknaráð komist að sameiginlegri niðurstöðu um að ekki sé faglega forsvaranlegt að mæla með innflutningi lifandi hreindýra frá Grænlandi. Þegar öll gögn hafa verið skoðuð og málið krufið til mergjar er ekki vafi í okkar huga að hér á landi sé að finna einn heilbrigðasta hreindýrastofn sem um getur. Við sjáum engin þau rök sem mælt gætu með innflutningi hreindýra og þar með ógnað þessari einstöku stöðu og sett heilbrigði íslenskra hreindýra í uppnám. Þrátt fyrir þá frómu hugmynd umsóknaraðila að byggja hér upp og kynna skipulagða hreindýrarækt með hjálp nútíma landbúnaðaraðferða þá á dýralæknaráð erfitt með að sjá réttlætingu fyrir innflutningi í stað þess að nýta þann hreindýrastofn sem fyrir er í landinu. Að vísu mætti færa fyrir því rök að erfðamengi íslenska stofnsins sé ekki ýkja stórt en engar haldbærar vísbendingar gefa í skyn að slíkt sé farið að bitna á fjósemi eða viðgangi dýranna. Þess má að lokum geta að ef sú staða kæmi upp að talið væri aðkallandi að kynbæta íslenska hreindýrastofninn þá væri innflutningur sæðis úr völdum törfum sú aðferð sem væri skilvirkust og áhættuminnst í alla staði.

Virðingarfyllst,  
f.h. dýralæknaráðs;

---

Gísli Jónsson